

Einkavegur (mediaschool)

Manifesto

Tilgangur allrar sköpunar er miðlunin. Sjálfstæð túlkun einstaklingsins var einu sinni aðalsmerki allrar sannrar upplifunar og listsköpun var persónuleg framleiðsla listamannsins. Í dag hefur öll sköpun runnið saman í eina órjúfanlega heild þar sem hópurinn þjónar tilbúnum þörfum með stöðugri endurtekningu sömu framleiðslunnar. Ferlið verður einungis rofið með því að brjóta upp samstarfið og með uppreisn gegn þjónustulundinni. Handritshöfundar, tónskáld, kvikmyndatökumenn, búningahönnuðir og leikarar verða að hætta samvinnu. Hver og einn verður að skapa eftir eigin höfði. Þannig blásum við á ný sjálfstæðisanda í brjóst einstaklinganna og fáum langþráðan margbreytileika í framleiðsluna sem fyrir löngu hefur misst allan neista.

Skólarnir hafa reynt ófærir um að mennta einstaklinga. Þeir búa til heildir sem í sameiningu vinna með öðrum heildum eftir tilbúnum lögmálum sem kölluð eru þarfir neytenda. Listaskólarnir búa til hópa af sölumönnum sem velja sér merktá bása inni í hagkerfi listsölufyrirtækja, leikhúsa og tónleikasala. Meira að segja andófið er svæft með því að gera það að órjúfanlegum hluta af heildinni. Afleiðingin er flatneskja og úrkynjun sem brýst fram í klámvæðingu og skrípasýningum fyrir fullum sölum. Skólarnir verða að rjúfa tengsl sín við iðnaðinn og atvinnulífið. Þeir verða að starfa sem sjálfstæð framleiðslufyrirtæki sem hafa engan annan tilgang en að búa til verk sem eru sköpuð af einstaklingum og er miðlað til einstaklinga.

Fréttamenn, klipparar, hönnuðir, höfundar, við verðum öll að snúa til sjálfstæðrar sköpunar. Það er ekkert til sem heitir eilíflega rétt túlkun eða endanlegt verk. Það eru engin lögmál til sem fela í sér heildarþarfir hópsins. Það er enginn markaður til. Við erum öll einstök og við þráum að upplifa það sem eingöngu er miðlað til okkar. Hvort sem sköpunarkraftur okkar sprettur upp úr höfði eða af höndum þá skal honum æfinlega stýrt af sjálfstæðum vilja. Ekkert annað er okkur eiginlegt. Öll okkar vanlíðan er vegna þess að við ákveðum að lúta reglum sem settar eru af öðrum. Þess vegna skulum við aldrei samþykkja neinar kvaðir, skyldur, skipanir né reglur sem ekki samræmast fullkomlega okkar eigin smekk. Það er í okkur sjálfum sem uppspretta sköpunarinnar liggur. Ekkert má hindra að við getum ausið úr henni.

Þess vegna skulum við segja okkur úr allri samvinnu þar sem við þurfum að þjóna sýn annarra. Stígum fram af fullkominni hógværð og virðingu fyrir öllum verkum. En ef óskað er eftir því að við leggjum lóð á vogarskálarnar þá gerum við algjöra kröfu um sjálfstæði. Virkjum ástríðuna og miðlum okkar eigin persónulegu sköpun. Þannig tökum þátt í að brjóta niður múra einsleitninnar og byggjum upp veröld þar sem margradda kór mannkynsins alls, tekur lifandi þátt í eilífri endurgerð sérhvers augnabliks tilverunnar.

BÖÐVAR BJARKI PÉTURSSON

Bauhaus (artschool)

Manifesto

The ultimate aim of all creative activity is a building! The decoration of buildings was once the noblest function of fine arts, and fine arts were indispensable to great architecture. Today they exist in complacent isolation, and can only be rescued by the

conscious co-operation and collaboration of all craftsmen. Architects, painters, and sculptors must once again come to know and comprehend the composite character of a building, both as an entity and in terms of its various parts. Then their work will be filled with that true architectonic spirit which, as "salon art", it has lost.

The old art schools were unable to produce this unity; and how, indeed, should they have done so, since art cannot be taught? Schools must return to the workshop. The world of the pattern-designer and applied artist, consisting only of drawing and painting must become once again a world in which things are built. If the young person who rejoices in creative activity now begins his career as in the older days by learning a craft, then the unproductive "artist" will no longer be condemned to inadequate artistry, for his skills will be preserved for the crafts in which he can achieve great things.

Architects, painters, sculptors, we must all return to crafts! For there is no such thing as "professional art". There is no essential difference between the artist and the craftsman. *The artist is an exalted craftsman.* By the grace of Heaven and in rare moments of inspiration which transcend the will, art may unconsciously blossom from the labour of his hand, but *a base in handicrafts is essential to every artist.* It is there that the original source of creativity lies.

Let us therefore create *a new guild of craftsmen* without the class-distinctions that raise an arrogant barrier between craftsmen and artists! Let us desire, conceive, and create the new building of the future together. It will combine architecture, sculpture, and painting *in a single form*, and will one day rise towards the heavens from the hands of a million workers as the crystalline symbol of a new and coming faith.

WALTER GROPIUS